

þá þóttum virðingarverðsins, og á veidi sjálfsagt að minsta kosti að vera trygt fyrir allt virðingarverðið; en hins vegar verður að virða viðkomandi hús eptir því, sem það er ætlað að geta gengið í kaupum og solum; og má ekki ákveða verð hússins eptir því, sem kostnað hefir verið til að bygga það, eða eptir því, sem það er trygt fyrir gegn eldsvoða.

25
6ta
nóvbr.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

Eptir að sýstumaðrinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu að tilmælum sveitarstjórnarinnar í Kjalarneðshrepp hafði leitt athygli amtsins að því, að fátækraftund hafði aldrei verið goldin til nefnds hrepps af þjóðeigninni Lundey, og heiðst þess, að amtið hlutadist til um, að slík tíund yrði framvegis greidd hreppnum, hefir herra amtmaðrinn þó nokknalegu bréfi 2. þ. m. látið í ljósi, að yör séu ekki kunnar neinar sérstakar ástæður, er geti undanþegið nefnda jörð frá þessu gjaldi, sem annars sé greitt af þjóðeignum, eins og öðrum jörðum á landinu, þó það kynni að mega álitast vafasamt, hvort það tíundarfrelsi, sem jörð þessi tjáist að hafa verið adnjótandi í ómunu tíð, sé ekki búið að vinna slíka hefð, að jörðin nú ekki geti orðið svipt því. Yör þykir því geta verið ástæða til að neita greiðslu fátækraftundar af nefndri jörðu, en láta dómstólana skera úr málinu, ef hrepprinn vill halda áfram kröfu sinni.

Af þessu tilefni skal eg, jafnframt því að geta þess, að ekki sé skylt að greiða fátækraftund af öllum þjóðjörðum, samb. bréf dómsmálastjórnarinnar 21. febrúar 1870 og 31. október 1871 — og að tíundin þar sem hún er goldin, muni vanatega greidd af ábúðnum — hér með þjónustusamlega tjá yör til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigendum, að ástæða virðist ekki vera til að greiða fátækraftund af tekjum landssjóðsins af Lundey, nema því að eins, að dómstólarnir, sem eptir eðli málsins eiga úr því að skera, dæmi þessa skylda á eyjuna.

26
6ta
nóvbr.

Bréf landshöfðingjans (til lögreglustjórans í Reykjavík).

Með þessu bréfi er meðal annars skipað fyrir, að fangahaldið bæði í hegningarhúsinu í Reykjavík og í fangelsi því, sem með því er sameinað, skuli fram fara fyrst um sinn á kostnað landssjóðsins, og að þessi kostnaðr skuli að því, er snertir fangelsið samkvæmt 6. grein tilsk. 4. marz 1871 endrgoldinn úr jafnaðarsjóði hlutadeigandi amts eða úr bæjarjóði Reykjavíkr með þessum upphæðum, sem dómsmálastjórnin hefir tiltekið í bréfi 28. febrúar þ. á.:

27
6ta
nóvbr.

24 sk. daglega fyrir hvern fanga, er hefir venjulegt fangaviðrvari; en

12 — — — — —, er sitr við vatn og brauð.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr og austrumdæminu).

Með bréfi frá 28. septbr. þ. á. meðtók eg ummæli herra amtmannsins um erindi Sigurðar Sigurðssonar á Flatnefsstöðum í Húnavatnssýslu, þar sem hann skýtr úrskurði yðar frá 26. septbr. þ. á. til úrlausnar landshöfðingjans, en þessi úrskurður segir hann skyldan fram að færa dótturbarn sitt Ólöfu Jóhannsdóttur að svo miklu leyti, sem foreldrar barnsins ekki séu þess um komnir, og að endrgjalda Kirkjuhammshreppi kostnað þann, sem leitt hafi af og framvegis muni leiða af framfærslu þess. Skal því tjáð yör til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigendum það, er nú segir:

28
7da
nóvbr.

Barn það, sem getið var um, er eptir því, sem fram hefir komið í málinu, óskilgetin dóttir skilgetinnar dóttur kærands. Móðir barnsins hefir gefið með því að öllu leyti, þangað til það var 2 ára, og síðan hefir hún lagt með því 2 vættir árlega eða þriðjung fullrar með-

28
7da
nóvbr.

gjafar, en faðir barnsins hefir ekki megnað að greiða hina 2 þriðjunga meðgjafarinnar eða neinn annan hluta hennar, og hefir því Kirkjuhvammshreppr orðið að leggja það til, sem á vantaði.

Eins og hið óskilgetna barn eptir lögum vorum fylgir að öllu leyti framfærsluhreppi móðurinnar, þannig er henni einnig skylt að sjá fyrir því að öllu leyti, ef faðirinn ekki er þess megnugr, hún getr eigi losað sig undan þessari skyldu með því að greiða hluta forlagseyrisins, og það sem er lagt með óskilgetnu barni ýngra en 16 vetra, verðr eptir lögum vorum að skoðast sem styrkr, veittr móður barnsins, sem hún er skyld að endrgjalda. Með því að það nú samkvæmt 4. gr. fátækrareglugjörðarinnar 8. jan. 1834, er skylda foreldra að standa straum af börnum sínum, þó þau séu eldri en 16 ára, og þannig hafi áunnid sér sérstakan framfærsluhrepp, getr eigi verið neinum vafa bundið, að Sigurðr Sigurðsson, ef hann hefir efni til þess, er skyldr fram að færa dóttur sína og með henni það óskilgetna barn, er fylgir framfærslu hennar.

Landshöfðinginn sinnr þannig eigi ástæðu til að breyta nefndum úrskurði amtsins að því leyti, er hann snertir skyldu Sigurðar Sigurðssonar til að fram færa dótturbarn hans það, er hér getr um, og landshöfðinginn álitr Sigurð einnig skyldan að endrgjalda Kirkjuhvammshreppi það, er lagt hefir verið með barninu, eptir að þess hafði verið farið á leit við hann að taka barnið að sér til uppfóstrs og allrar umsjár; en fyrir það, sem áðr hefir verið lagt með barninu, hefir hrepprinn einungis aðgang að móður barnsins.

Með 3. gr. reglug. 8. jan. 1834 er ákveðið, að framkvæmdarvaldið eigi að gjöra út um ágreininga milli ýmsra hreppa um skyldur þeirra til fram að færa fátæklinga; en eptir almennum ákvörðunum laganna sætir sú spurning, hvort slík skylda hvíli á einstökum manni, úrlausn dómstólanna. Kirkjuhvammshreppr verðr því, ef Sigurðr Sigurðsson á Flatnefsstöðum skyldi, þá er honum hefir verið birt það, sem að framan er sagt, enn neita að taka að sér uppfóstr dótturbarns síns, og að endrgjalda hreppnum það, sem út hefir verið lagt fyrir barnið, eptir að hann var krafinn um uppfóstrið, að sækja málið fyrir dómi.

29
12ta
nóvbr.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr og austramsinu)
Í tilefni af hönarbréfi frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu um að fá bréfavog var ritið að amtmaninum að slík vog með lóðum frá 5 ort til 50 kvint væri send sýslumanninum og að hún ætti framvegis að fylgja embætti hans.

Embættismenn skipaðir og settir.

Hinn 28. dag októbermán. var af stíptsyfírvöldunum Bjarnaness prestakall í Austrskaptafellssýslu veitt kandídat Jóni Jónssyni.

— Stjórnartíðindin má panta á skrifstofu landshöfðingjans í Reykjavík, og á hverju pósthúsi í landinu.

Verð tíðindanna er, að meðtöldum burðareyri, 80 sk. (1 króna 66 aurar) um árið, — 40 sk. (83 aurar) fyrir þetta ár, og á að greiða andvirðið fyrirfram, um leið og tíðindin eru pöntuð.